

# Aðalfundur Vistbyggðarráðs

## Fundargerð:

Tími: Fimmtudagur 14. apríl 2014, kl. 16.00 – 17.30

Staður: Fundarsalur Ásbyrgi, Verkís, Ofanleiti 2

Þátttakendur: Fulltrúar aðildafélag Vistbyggðarráðs

Fundarritari: Elín Vignisdóttir

Dreifing: Fundarmenn: Gísli Örn Bjarnhéðinsson, Haukur Magnússon, Andri Þór Arinbjörnsson, Bergljót S. Einarsdóttir, Pétur Andrésón, Árni Friðriksson, Kristján Guðlaugsson, Hrólfur Cela, Eva Dís Þórðardóttir, Hlynur Torfi Torfason, Erna Hreinsdóttir, Aldís M. Norðfjörð, Sigríður Magnúsdóttir, Helga J. Bjarnadóttir, Sverrir Bollason, Elín Vignisdóttir, Sigríður Björk Jónsdóttir.

### 1. Fundarstjóri og fundarritari kjörnir

Lagt var til að Gísli Örn Bjarnhéðinsson tæki að sér fundarstjórn og Elín Vignisdóttir ritaði fundargerð. Þau voru samþykkt af fundarmönnum.

### 2. Erindi

Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins, hélt erindi sem bar yfirskriftina, Stefna um vistvænni framtíð. Fjallaði hann um áherslur og ákvarðanir um þróun höfuðborgarsvæðisins til 2040. Í erindi sínu kom Hrafnkell meðal annars inn á margföldunaráhrif dreifingar byggðar á viðhald og kostnað við innviði s.s. götur og lagnir, aukna orkunotkun og ýmislegt fleira.

### 3. Skýrsla stjórnar

Helga Jóhanna Bjarnadóttir, formaður Vistbyggðarráðs, kynnti skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár og fór yfir helstu verkefni sem unnið var að á árinu, m.a. innra starf, kynningarmál og viðburði, rannsóknarverkefni bæði norræn og innlend, kynningarmál og viðburði, norrænt samstarf og samstarf við önnur félög eða stofnanir.

### 4. Ársreikningur

Andri Þór Arinbjörnsson, gjaldkeri Vistbyggðarráðs, kynnti ársreikning fyrir árið 2015. Tekjur árið 2015 náðu ekki að standa að fullu undir gjöldum, sem að hluta til má skýra með auknum rekstrarkostnaði sem rekja má til þátttöku í norrænum samstarfsverkefnum, og hafa styrkir ekki enn skilað sér að fullu. Áskorun næsta starfsárs er að gæta aðhalds í rekstri og skjóta styrkari stoðum undir fjárhagslegan grundvöll samtakanna svo starfsemin megi eflast enn frekar. Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða af fundarmönnum.

### 5. Starfsáætlun 2016-2017

Sigríður Björk Jónsdóttir, framkvæmdastýra Vistbyggðarráðs, fór yfir starfsáætlun næsta árs. Á næsta starfsári er lögð sérstök áhersla á fræðsluþáttinn í starfseminni og verða haldin fimm námskeið um vistvænar byggingar og vistvænt skipulag. Hafa fyrstu tvö námskeiðin þegar verið haldin og voru þó afar vel sótt. Þá eru aðildarfélag Vistbyggðarráðs, hvött til að, bjóða fulltrúum aðildarféлага heim og mun framkvæmdastýra halda utan um reglulega fundaáætlun og sjá um kynningar á því verkefni. Með þessu er verið að efla tengslanetið og hvetja til aukinnar miðlunar á þekkingu og reynslu. En um

leið gefst aðildarfélögum tækifæri á að kynna starfsemi sína. Þá verða einnig haldnir opnir fundir eða atburðir, t.d. í viku vistvænna bygginga í september.

## 6. Lagabreytingar

Tvær tillögur frá stjórn voru bornar upp um breytingar á lögum félagsins, en báðar snúa að breytingu á 4. grein laga félagsins.

Í lögum félagsins segir í 4. grein:

*„Starfandi íslensk fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög geta orðið aðilar. Umsóknnum um aðild skal beina til stjórnar og skal umsóknaraðild afgreidd á stjórnarfundi. Aðilar skulu greiða árgjald fyrir 1. mars ár hvert ellegar falla af aðildarlista. Stjórn félagsins gerir tillögu að árgjaldi og leggur fyrir aðalfund. Aðilar skipa sér í flokka eftir upphæð árgjalds sem þeir velja af lista og hljóta áhrif í samræmi við þann flokk sem þeir skipa sér í. Flokkarnir skulu vera 3 talsins og færir lægsta upphæðin aðila í 3. flokk með eitt atkvæði á aðalfundi, næst lægsta upphæðin færir aðila í 2. flokk með 3 atkvæði og hæsta upphæðin færir aðila í 1. flokk með 5 atkvæði á aðalfundi. Einn og sami fulltrúi fer með öll atkvæði aðilans á fundi. Aðilar skulu tilkynna stjórn félagsins um úrsögn fyrir 1. febrúar ár hvert.“*

Stjórn leggur til breytingu á 4. greininni sem verði þá (skáletrað það sem er viðbót, yfirstrikað það sem lagt er til að fari út):

*„Starfandi íslensk fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög geta orðið aðilar. Þá er geta einstaklingar sótt um stuðningsaðild. Umsóknnum um aðild skal beina til stjórnar og skal umsóknaraðild afgreidd á stjórnarfundi. Aðilar skulu greiða árgjald fyrir 1. mars ár hvert. ~~ellegar falla af aðildarlista.~~ Stjórn félagsins gerir tillögu að árgjaldi og leggur fyrir aðalfund. Aðilar skipa sér í flokka eftir upphæð árgjalds sem þeir velja af lista og hljóta áhrif í samræmi við þann flokk sem þeir skipa sér í. Flokkarnir skulu vera 4 talsins og færir lægsta upphæðin aðila í 4. flokk með ekkert atkvæði á aðalfundi, næst lægsta upphæðin í 3. flokk með eitt atkvæði á aðalfundi, næst hæsta upphæðin í 2. flokk með 3 atkvæði og hæsta upphæðin færir aðila í 1. flokk með 5 atkvæði á aðalfundi. Einn og sami fulltrúi fer með öll atkvæði aðilans á fundi. Aðilar skulu tilkynna stjórn félagsins um úrsögn fyrir 1. febrúar ár hvert.“*

Tillögur að breytingum voru bornar upp í sitt hvoru lagi og samþykktar.

Þá lagði stjórn fram tillögu um hækkun aðildargjalda sem tuki gildi 2017.

*„Stjórn Vistbyggðarráðs leggur til við aðalfund að samþykkja tillögu um 10% hækkun aðildargjalda sem komi til innheimtu á árinu 2017.“*

Tillagan felur í sér eftirfarandi hækkun á árgjöldum:

1. fl. kr. 550.000 5 atkvæði á aðalfundi-verði 605.000
2. fl. kr. 330.000 3 atkvæði á aðalfundi-verði 363.000
3. fl. kr. 110.000 1 atkvæði á aðalfundi-verði 121.000
4. fl. kr. 25.000 -0 atkvæði á aðalfundi. (nýr flokkur)

Var tillaga samþykkt af fundarmönnum.

## **7. Kosning stjórnar**

Kjósa þurfti um þrjú sæti aðalfulltrúa í stjórn auk eins varafultrúa. Öll sæti eru til 2ja ára. Bárust framboð frá fjórum aðilum fyrir fundinn og er því lög fram eftirfarandi tillaga að nýrri stjórn til samþykktar á fundinum:

- Andri Þór Arinbjörnsson (Reitir)-(2015-2017)
- Bergljót S. Einarsdóttir (Framkvæmdasýsla ríkisins)-(2015-2017)
- Elín Vignisdóttir (Verkís)- (2016-2018)
- Eva Dís Þórðardóttir (Efla)-(2016-2018)
- Gísli Örn Bjarnhéðinsson (Búseti)-(2015-2017)
- Hrólfur Karl Cela (Basalt)-(2016-2018)
- Sigríður Magnúsdóttir (Tröð)- (2016-2018)

Var tillaga að nýrri stjórn samþykkt.

Fráfarandi stjórnarmönnum, Helgu Jóhönnu Bjarnadóttur, Birni Guðbrandssyni og Hauki Magnússyni er þakkað samstarfið á liðnum árum.

## **8. Skoðunarmenn reikninga**

Borist höfðu tvö framboð um skoðunarmenn reikninga, Aldís Norðfjörð, Mannvirkjastofnun og Rúnar Gunnarsson, Reykjavíkurborg. Voru þau samþykkt.

## **9. Önnur mál**

Engin önnur mál voru á dagskrá.

## **10. Fundi slitið.**

Fundi var slitið kl. 17.30.